

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 frá 16. apríl 1971.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gislason.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins kjörnum til jafnlangs tíma af starfsfólki verksmiðjunnar samkvæmt reglugerð, sem landbúnaðarráðherra setur. Landbúnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fimm stjórnarmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Mál um sama efni var flutt af sömu flm. á síðast Alþingi — þá sem V. kafli í frv. til laga um atvinnulýðræði á þskj. 315. M. a. vegna ábendinga, sem fram komu við umr. um það frv., er málið nú flutt sem sérstakt þingmál, en þó í tengslum við þrjú önnur: frv. til l. um breyt. á hlutafélagalögum, nr. 77/1921, frv. til l. um breyt. á l. um sementsverksmiðju, nr. 35/1948, og frv. til l. um samstarfsnefndir starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja og stofnana, en þessi mál öll voru áður sérstakir kaflar frv. um atvinnulýðræði. Engu að síður er þetta mál alveg sjálfstætt og sérstakt, þannig að út af fyrir sig er hægt að samþykkja frv. þetta án tillits til hver úrslit hinna þingmálanna verða.

Hér er um að ræða einn þátt af mörgum í málatilbúnaði þingmanna Alþýðuflokksins um að fyrstu skrefin verði stigin í átt til atvinnulýðræðis á Íslandi, en í

þeim efnum höfum við dregist langt aftur úr nálægum þjóðum. Um atvinnulýðræði almennt vísast til grg. með frv. til l. um breyt á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, sem — eins og áður sagði — er flutt í tengslum við þetta frv., svo og til ítarlegrar grg. með frv. sömu flm. um atvinnulýðræði frá því á síðasta Alþingi.

Um þetta sérstaka mál er það að segja, að Áburðarverksmiðja ríkisins, ásamt með Sementsverksmiðjunni, nýtur nokkurrar sérstöðu meðal opinberra fyrirtækja. Starfsemi þessara verksmiðja er í senn umfangsmikil, jöfn og óslitin og tiltölulega litlar breytingar á starfsliði milli ára. Starfsfólk hefur því hlotið í senn mikla starfsreynslu og mikla þekkingu á málefnum verksmiðjanna hver frá sínum sjónarhóli, sem áreiðanlega mundi nýtast betur með beinni aðild starfsmannafulltrúa að stjórnun verksmiðjanna. Af ýmsum ástæðum var talið eðlilegt, að í þessum stærstu verksmiðjum í opinberum rekstri fengi starfsfólk að kjósa fulltrúa til setu í stjórn við hlið fulltrúa kjörinna af Alþingi með sömu réttindum og skyldum. Sá er tilgangurinn hvað Áburðarverksmiðjuna varðar með flutningi þessa frv.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Greinin kveður á um að starfsmenn Áburðarverksmiðju ríkisins skuli kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu í stjórn verksmiðjunnar til viðbótar við þá sem sam-einað Alþingi kys. Stjórnarmenn yrðu því alls 9 í stað 7 áður. Kosningin færi fram skv. reglugerð sem landbúnaðarráðherra setti.

Þá er sú breyting einnig lögð til — í þetta sinn á 3. mgr. 6. gr. — að í stað þess að nú þarf undirskrift 4ra stjórnarmanna til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðju ríkisins, þurfi undirskrift 5 stjórnarmanna. Er þetta eðlileg breyting í framhaldi af fjölgun stjórnarmanna.

Aðrar breytingar eru ekki gerðar á 6. gr. laganna.

Við 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.